

Reykjavík, 11. nóvember, 2020

Tilvísun: RE18100010/10.9.6.137739

Dalabyggð
Bt. byggingarfulltrúa
Miðbraut 11
370 Búðardal

Efni: Óskað er eftir stofnun íbúðarlóðar á ríkisjörð.

Í samræmi við meðfylgjandi hnitsett loftmyndakort/lóðablað fyrir hina nýju lóð, sem fær nafnið Sælingsdalur 2 og stofnuð er úr ríkisjörðinni Sælingsdalur, L 137739.

- **Sælingsdalur 2, Lxxxxxx**, er 10.856 fermetra íbúðalóð stofnuð undir íbúðarhús sem er mhl.03 á jörðinni. Eigandi nýju lóðarinnar og matshluta á lóðinni er Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459, en umráðandi lóðarinnar ásamt matshluta og gjaldandi eru Jarðeignir ríkisins, kt. 680981-1759.

- **Upprunajörðin, Sælingsdalur, L137739**, ræktað land jarðarinnar minnkar sem nemur stærð nýju lóðarinnar. Jörðin sjálf, mhl.00, öll gæði jarðarinnar, veiðréttindi og lögbýlisréttindi, ræktað land mhl.01 og einbýli, mhl.02, fylgir áfram upprunajörðinni, sem er eign Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, en umráðandi jarðarinnar ásamt öllum matshlutum og gjaldandi eru Jarðeignir ríkisins, kt. 680981-1759.

Meðfylgjandi er einnig undirritað eyðublað F-550 frá Þjóðskrá Íslands, sem er umsókn um skráningu nýrra landeigna á jörðinni Sælingsdalur, L137739, í Dalabyggð.

Vinsamlega sendið undirrituðum staðfestingu á samþykki/afgreiðslu eða ef einhverjar frekari upplýsingar vantar þá skal hafa samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,

f.h. Ríkiseigna: Marvin Ívarsson
Verkefnastjóri eignaumsýslu lands og jarða
520-5621 · marvin.ivarsson@rikiseignir.is